



Reykjavík, 23. maí 2019

## Tillögur um breytingar á verklagsreglum um úthlutun úr menningarhluta borgarsjóðs

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs (MÍT) hinn 8. apríl 2019 var óskað eftir því að sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs (MOF) legði fram tillögu að nýjum verklagsreglum um úthlutun styrkja og samstarfssamninga vegna menningarhluta borgarsjóðs.

Hér að neðan koma tillögur MOF með hliðsjón af þeim meginlínnum sem lagðar voru fram af hálfu MÍT. Verði tillögurnar samþykktar er gert ráð fyrir því að verklagsreglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga MÍT taki breytingum í samræmi við þær.

### 1. Sótt verði um styrki vegna borgarhátíða og aðra styrki úr menningarhluta borgarsjóðs á sama tíma.

Tillaga: Lagt er til að skoðað verði að fjölga í hópi borgarhátíða, og að þær verði fimm í stað fjögurra og að samanlögð upphæð til þeirra hátíða úr menningarhluta borgarsjóðs hækki þar með. Lagt er til að auglýst verði fyrr eftir umsóknum um styrki til borgarhátíða en auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki og samstarfssamninga, og að umsóknarfrestur verði 30. ágúst. Lagt er til að faghópur fari yfir umsóknir um borgarhátíðir með hliðsjón af neðangreindum skilyrðum og áherslum. Lagt er til að faghópurinn komi með rökstudda tillögu fyrir að minnsta kosti átta borgarhátíðum sem menningar-, íþróttá- og tómstundaráð velji úr, með hliðsjón af menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Markmiðið með vali á borgarhátíðum verði hið sama og fyrr, þ.e.a.s að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem sannað hafa gildi sitt fyrir menningarlíf borgarinnar. Lagt er til að samið verði við fjórar til fimm hátíðir til næstu þriggja ára og að ákvörðun um framhald borgarhátíða verði tekin eigi síðar en að tveimur árum liðnum, svo ákvörðun liggja fyrir með góðum fyrirvara. Lagðar eru til örfáar áherslubreytingar á skilyrðum fyrir borgarhátíðir, frá því sem nú er, og að þær hljóði svo:

Borgarhátíð Reykjavíkur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- b) vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- c) hafa verið haldin að lágmarki þrisvar sinnum
- d) vera haldin árlega
- e) vera með alþjóðlega tengingu
- f) standa yfir í þrjá daga eða lengur
- g) vera með faglega stjórn
- h) viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- i) fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- j) styðja við menningarstarf í hverfum borgarinnar

Jafnframt verði litið til þátta eins og nýsköpunar, barnamenningar, aðsóknar, stöðugleika, þróunarmöguleika, tímasetningar innan ársins, möguleika hátíðanna á eigin tekjuöflun, umhverfismála, samstarfs við borgarstofnanir og þess að þær endurspegli fjölbreytileika samfélagsins bæði varðandi gesti og þátttakendur.

2. Faghópur geri tillögur til menningar-, íþróttá- og tómsunduraráðs um úthlutanir og samstarfssamninga. Tekið verði sérstakt tillit til sérstöðu borgarhátíða.

Tillaga: Lagt er til óbreytt fyrirkomulag varðandi aðkomu faghóps að úthlutunum og samstarfssamningum. Til viðbótar er lagt til að þær hátíðir sem sækja um að vera borgarhátíðir en verða ekki valdar, verði sjálfkrafa vísað í hóp almennra styrkumsókna.

3. Að ákveðið hlutfall styrkja megi vera bundið í samstarfssamningum til tveggja eða þriggja ára.

Tillaga: Lagt er til að hlutfall hins almenna styrkjarpotts sem fer í nýja samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára verði hverju sinni aldrei hærra en 1/3 af heildarpottinum, sem einnig tekur til borgarhátíða. Næstu tvö árin þarf einnig að taka tillit til fjármagns sem eyrnamerkt verður úrbótasjóði tónleikastaða. Mikilvægt er að sjóðurinn hafi ávallt svigrúm til að bregðast við nýjum hugmyndum og umsóknum um einstök verkefni.

4. Sérstök áhersla verði á fjárfestingar vegna endurbóta á tónleikahúsnæði og öðru menningarhúsnæði til almenningsnota á næstu tveimur árum í gegnum tímabundinn úrbótasjóð.

Tillaga: Lagt er til að alls 8 mkr. í menningarpotti verði eyrnamerktar úrbótasjóðnum árið 2020 og að önnur eins upphæð verði eyrnamerkt verkefninu árið 2021. Um átaksvirkefni verði að ræða til að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í borginni sem eiga undir högg að sækja með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum, svo sem aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig megi stuðla að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni, og styðja þar með um leið við tónlistarlífið ásamt því að efla mannlífið í borginni. STEF hefur staðfest einskisframlag í sjóðinn að upphæð kr. 500 þúsund með möguleika á samskonar framlagi árið 2021 og Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) hefur jafnframt staðfest framlag þótt upphæð liggi ekki fyrir að svo stöddu. Félag hljómplötuframleiðenda (FHF) á eftir að taka fyrir erindi um aðkomu að sjóðnum en þess er að vænta á næstu dögum. Lagt er til að auglýst verði sérstaklega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og að tónleikastöðum verði gert að leggja til sambærilega upphæð í úrbæturnar. Lagt er til að skipaður verði sérstakur faghópur til að gera tillögur að úthlutunum úr sjóðnum, með einni tilnefningu frá STEF, einni tilnefningu frá FÍH og einni tilnefningu frá FHF ef til framlags þaðan kemur en auk þess sitji í sjóðnum verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur. Faghópurinn leggi fram rökstuddar tillögur um úthlutun úr sjóðnum fyrir menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð sem endanlega ákveður úthlutanir. Lagt er til að skilyrði til að fá úthlutun úr sjóðnum verðu þau að tónleikastaðurinn leggi fram áætlun um rekstur staðarins að minnsta kosti tvö ár fram í tímann, skýri frá stefnu og áherslum um tónleikahald, geti sýnt fram á góða stjórnarhætti og trúverðugleika eigenda og/eða stjórnenda og sé með samning við STEF vegna opinbers flutnings á tónlist. Þessu til viðbótar verði kostnaðaráætlun að fylgja með umsókn, yfir fyrirhugaðar úrbætur ásamt upplýsingum um hvernig staðurinn hyggst fjármagna sinn hluta kostnaðarins.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar